

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 24. febrúar 2011 í máli nr. S-23/2011:

Ákærvaldið

(Hulda Elsa Björgvinsdóttir settur saksóknari)

gegn

Andra Vilhelm Guðmundssyni

(Vilhjálmur Hans Vilhjálmsson hrl.)

Mál þetta, sem dómtekið var þann 18. febrúar sl., er höfðað með ákæru útgefni af ríkissaksóknara 21. janúar 2011 og framhaldsákæru útgefni 14. febrúar 2011, á hendur Andra Vilhelm Guðmundssyni, kt. 000000-0000, Höfðabakka 1, Reykjavík, fyrir stórfellda líkamsárás með því að hafa að morgni nýársdags, 1. janúar 2011, utandyra við Hótel 1919 í Hafnarstræti í Reykjavík veist með ofbeldi að Ólafi Ragnari Benediktssyni, kennitala 000000-0000, m.a. sparkað í hann, svo hann féll í gangstéttina og síðan sparkað ítrekað í höfuð hans og líkama þar sem hann lá. Afleiðingar árársarinnar urðu þær að Ólafur hlaut lífshættulegan höfuðáverka, þ.e. höfuðkúpubrot með utanbastsblæðingu undir brotinu hægra megin á gagnaugasvæði og heilamar vinstra megin í gagnstæðum hluta heila.

Er þetta talið varða við 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Í málinu gerir brotþoli einkaréttarkröfu á hendur ákærða, samtals að fjárhæð 2.451.800 krónur með vöxtum skv. 8. gr. vaxtalaga nr. 38/2001 frá 1. janúar 2011 en með dráttarvöxtum skv. 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr. vaxtalaga frá 18. febrúar 2011 og til greiðsludags.

Ákærði neitar sök. Af hálfu verjanda ákærða er þess krafist að ákærði verði sýknaður af kröfum ákærvalds og að verjanda verði tildæmd málsvarnarlaun.

Samkvæmt frumskýrslu lögreglu frá laugardeginum 1. janúar 2011 fékk lögreglan á höfuðborgarsvæðinu þann dag kl. 07.27 tilkynningu um slagsmál við Hótel 1919 í Hafnarstræti í Reykjavík og að maður lægi eftir. Fram kemur að er lögregla hafi komið á staðinn hafi Ólafur Ragnar Benediktsson legið á gangstéttinni. Hafi hann verið meðvitundarlaus og ekki svarað áreiti. Óskað hafi verið eftir sjúkrabifreið á staðinn. Ólafur hafi verið fluttur á slysadeild. Ólafur hafi

verið án klæða að ofan er lögreglu hafi borið að garði. Hafi vegfarendur lagt flíkur yfir hann til að hlífa honum. Þrír vegfarendur hafi gefið sig fram við lögreglu sem vitni að atburðinum, en um hafi verið að ræða Sigurð Pál Pálsson, Grétu Morthens og Anitu Ruth Helgadóttur. Þá hafi gefið sig fram starfsmaður á Hótel 1919, en Ólafur hafi legið fyrir framan hótelið. Í viðræðum við lögreglu hafi vitni þessi tjáð lögreglu að Ólafur og annar maður hafi að slást á gangstétt utan við Hótel 1919. Hafi þeir báðir verið án klæða að ofanverðu, en ekki hafi verið ljóst hver upphaf átakanna hafi verið eða hvor þeirra hafi byrjað þau. Maðurinn hafi sparkað eða hrint Ólafi þannig að Ólafur hafi fallið í götuna. Maðurinn hafi síðan fylgt því eftir og sparkað eða trampað á höfuð Ólafs. Hafi maðurinn virst athuga með púls Ólafs og síðan farið í burtu og þá virst hlējandi. Hafi hann klætt sig í bol. Einhverjir hafi verið með árásarmanninum í för. Vitnin hafi lýst árásarmanninum sem grönnum manni, á svipuðum aldri og Ólafur, með mikið húðflúr, stuttklipptur og klæddur í fjólubláan bol. Fram kemur að Gréta Morthens hafi tjáð lögreglu að hún hafi verið að vinna á skemmtistaðnum Austur og munað eftir að hafa afgreitt árásarmanninn fyrir um nóttina. Þá kvaðst hún telja líklegt að dyraverðir á skemmtistaðnum Austur myndu þekkja árásarmanninn með nafni. Í frumskýrslu kemur fram að Ólafur hafi verið með kúlu á enni en aðrir áverkar hafi ekki verið sýnilegir við fyrstu sýn.

Ákærði var handtekinn af lögreglu að kvöldi sunnudaginn 2. janúar 2011. Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur 3. janúar 2011 var ákærði úrskurðaður í gæsluvarðhald vegna málsins allt til 7. janúar 2011. Grundvöllur gæsluvarðhalds voru rannsóknarhagsmunir. Gæsluvarðhald yfir ákærða var framlengt með úrskurði héraðsdóms 7. janúar 2011 til 4. febrúar 2011. Í því tilviki var gæsluvarðhald byggt á 2. mgr. 95. gr. laga nr. 88/2008. Gæsluvarðhald yfir ákærða var á ný framlengt með úrskurði héraðsdóms 4. febrúar 2011 og hefur ákærði setið í gæsluvarðhaldi á meðan málið hefur verið til meðferðar fyrir héraðsdómi.

Mánudaginn 3. janúar 2011 framkvæmdi lögregla húsleit að Höfðabakka 1 í Reykjavík í íbúð er Andri Vilhelm Guðmundsson, ákærði í máli þessu, hafði til umráða. Fram kemur að ákærði hafi vísað lögreglu á fatnað sem hann hafi tjáð lögreglu að hann hafi verið í að morgni nýársdags. Hafi ljósbláar gallabuxur, fjólublár bolur og skór verið haldlagt.

Aron Björnsson heila- og taugaskurðlæknir hefur 6. janúar 2011 ritað læknisvottorð vegna Ólafs Ragnars Benediktssonar í framhaldi af komu á slysadeild. Í vottorðinu kemur m.a. fram að Ólafur hafi verið kaldur og meðvitundarlaus við komu á spítalann. Hafi hann verið með greinileg áverkamerki á höfði. Hafi hann ekki svarað kalli en brugðist við sársauka. Við komu hafi verið teknar tölvusneiðmyndir af höfði og þær sýnt sprungu í ennisbeini og til hægri á gagnaugasvæði hægra megin. Þar undir hafi verið talsverð utanbastsblæðing og svólítið mar á heila á gagnstæðri hlið vinstra megin. Ólafur hafi verið lagður inn á gjörgæslu. Ný mynd hafi verið tekin um 4 til 5 klukkustundum síðar sem hafi sýnt óbreytt ástand að öðru leyti en því að marið vinstra megin í heila hafi heldur aukist. Hafi Ólafur verið útskrifaður af gjörgæsludeild daginn eftir á legudeild Heila- og taugaskurðlækna og hafi hann verið þar er vottorðið hafi verið ritað. Hafi líðan hans batnað og hann vaknað meira og meira en síðustu tvo daga hafi hann verið farinn að tjá sig. Reiknað væri með að hann myndi dvelja á spítalanum í 5 til 7 daga til viðbótar. Horfur um bata væru á þessu stigi óljósar en líklegast ætti hann eftir að ná sér nokkuð vel þó erfitt væri að segja til um starfsemi eins og minni, persónuleika og jafnvel tal og tjáskipti. Tæpast væri hægt að slá því föstu fyrir en að

liðnum mörgum mánuðum. Ljóst væri að Ólafur hafi komið á slysadeild með mjög alvarlegan lífshættulegan höfuð- eða heilaáverka. Sem betur fer hafi blæðingin hætt af sjálfu sér og ekki þurft að fjarlægja hana með aðgerð. Þekkt sé að mikið högg þar sem jafnvel höfuðkúpa brotni orsaki kast á heila sem sláist í höfuðkúpu gagnstæðu megin með mari sem afleiðingum.

Er tekin var framburðarskýrsla af ákærða hjá lögreglu 2. janúar 2011 kvaðst hann hafa verið að skemmta sér á gamlárskvöld með vinum sínum Óskari Hjartarsyni, Daníel Heiðari Hallgrímssyni og bróður ákærða Guðmundi Kristjáni Guðmundssyni. Hafi þeir verið á leið heim og búið að loka öllu. Klukkan hafi verið um 6.30 eða 7.30 um morguninn. Hafi ákærði kannast lítillaga við dreng er hann hafi hitt í bænum en ákærði hafi meira þekkt bróður hans sem gengi undir nafninu Biggi. Hafi ákærði farið upp að manningum og spurt hann hvort hann væri ekki bróðir Bigga. Þá hafi maðurinn byrjað með einhverja stæla. Hafi hann svarað ákærða og byrjað að ýta við honum með báðum höndum á bringuna. Síðan hafi þeir hrint aðeins hvor öðrum og þeir báðir farið úr bolum sínum. Maðurinn hafi ekki dottið í jörðina við það að þeir hafi verið að hrinda hvor öðrum. Hafi ákærði verið að reyna að losa sig frá manningum. Tröppur hafi verið í nágrenninu og hafi maðurinn dottið í jörðina við þær og hann sennilega dottið á þeim. Hafi hann staðið upp aftur og byrjað aftur. Báðir hafi þeir verið ölvaðir en maðurinn hafi vart getað staðið sökum ölvunar. Hann hafi síðan dottið aftur í jörðina en við það hafi ákærði og félagar hans farið í burt. Það eina er ákærði hafi gert hafi verið að ýta manningum frá sér. Hafi hann aldrei sparkað í manninginn eða traðkað á honum. Átökin hafi öll farið fram við innganginn að Hótel 1919, á palli við innganginn. Ákærði hafi ekki skoðað manninginn sérstaklega áður en hann hafi farið burt. Umrætt sinn hafi ákærði verið klæddur í gallabuxur og fjólubláan bol. Á staðnum þetta sinn hafi verið Stefán Atli Jónsson sem, auk þeirra drengja er hafi verið í för með ákærða, gæti hafa séð atvikið. Þessa nótt hafi ákærði drukkið bjór. Hafi hann byrjað að drekka um kl. 2 um nóttina. Ekki hafi hann verið undir áhrifum lyfja.

Framburður ákærða við aðalmeðferð málsins var nokkuð á sama veg og við skýrslugjöf hjá lögreglu. Kvaðst hann hafa verið á leið heim með félögum sínum eftir að hafa verið að skemmta sér um nóttina. Hafi hann drukkið áfengi og fundið fyrir áfengisáhrifum. Ekki hafi ákærði notað fíkniefni. Í Hafnarstræti hafi hann séð dreng, en ákærði hafi þekkt bróður hans. Hafi ákærði ákveðið að heilsa upp á drenginn en sá hafi strax byrjað að ýta við ákærða. Í framhaldinu hafi drengurinn „tjúllast“ og farið úr bol er hann hafi verið í. Við það hafi ákærði farið úr bol er hann hafi verið í. Þeir hafi farið að ýta hvor við öðrum og drengurinn dottið. Hafi hann staði á fætur aftur og þeir aftur ýtt hvor við öðrum. Aftur hafi drengurinn dottið og ekki staðið á fætur eftir það. Umrætt atvik hafi átt sér stað á palli fyrir utan anddyri Hótel 1919 í Hafnarstræti. Ákærði kvaðst telja að drengurinn hafi dottið því hann hafi verið undir það miklum áhrifum áfengis. Í síðara skiptið er drengurinn hafi dottið hafi hann dottið aftur fyrir sig og niður tvær tröppur við pallinn. Hafi hann lent á bakinu. Ekki hafi ákærði tekið eftir því hvort drengurinn hafi hreyft sig eftir fallið. Ákærði kvaðst helst telja að drengurinn hafi fengið þá áverka er um getur í ákæru við það að falla aftur fyrir sig. Rangt væri er fram kæmi hjá vitnum að ákærði hafi sparkað í drenginn og slegið hann. Kvaðst ákærði m.a. telja að stúlka á veitingastað er borið hafi vitni í málinu væri að bera með þeim hætti er hún gerði þar sem ákærði hafi fyrr um nóttina ef til vill komið

illa fram við hana. Ákærði kvaðst viðurkenna að hafa sparkað í átt að manningum um nóttina. Sparkið hafi hins vegar verið meira út í loftið og ekki lent í manningum. Drengurinn hafi legið í jörðinni er ákærði og félagar hans hafi gengið á brott. Ekki hafi ákærði athugað með lífsmörk drengsins eftir að hann hafi dottið í jörðina.

Lögreglumenn fóru 7. janúar 2011 á Heila- og taugaskurðlækningadeild Landspítala háskjólásjúkrahúss og höfðu tal af Ólafi. Hafi Ólafur tjáð lögreglumönnum að umrætt sinn hafi hann verið á leið heim. Myndi hann lítið eftir því. Hann myndi þó eftir að hafa gengið í gegnum miðbæinn er ráðist hafi verið á hann. Hafi Ólafur aðeins kannast við áráðarmanninn en ekki vita nafn hans. Áráðarmaðurinn hafi kýlt Ólaf ítrekað í andlit og annars staðar. Hafi Ólafur verið einn á ferð er þetta hafi verið. Hafi hann verið undir áhrifum áfengis. Í lok skýrslunnar er tekið fram að Ólafur hafi átt erfitt með tal og á stundum hafi verið erfitt að skilja hann.

Fyrir dómi kvaðst Ólafur lítið muna atvik umrætt sinn. Myndi hann eftir því að hafa verið að koma af skemmtistaðnum Nasa og hafi hann verið á leið heim. Á þeirri leið hafi hann lent í átökum við mann. Ekki myndi hann upphaf þeirra átaka. Hafi Ólafur verið ölvaður þessa nótt. Ekki myndi hann eftir að hafa hitt ákærða. Það næsta er hann myndi hafi verið er hann hafi vaknað upp á spítala. Að því er varðaði afleiðingar áráðarinnar þá kvaðst Ólafur eiga erfitt með bæði hendur og fætur. Þá væri minnið lélegt og talaði hann bjagað. Eins væri hann einungis með hálfja sjón á öðru auga. Þá væri hann með stöðugan höfuðverk og ætti hann erfitt með svefn. Kjálki öðru megin væri illa farinn. Ekki hafi læknað rætt við hann um batahorfur. Væri Ólafur á Grensás í endurhæfingu. Væri rætt um að fljótlega færi hann á sjúkrahótel. Ólafur kvaðst ekki þekkja ákærða. Hann vissi þó til þess að bróðir Ólafs þekkti ákærða. Ólafur kvaðst lítið muna eftir því er lögregla hafi komið á spítalann 7. janúar sl. til að ræða við hann.

Sigurður Páll Pálsson kvaðst hafa verið einn á ferð í miðbæ Reykjavíkur þessa nótt. Hafi hann verið á gangi í Hafnarstræti er hann hafi gengið fram á átök við inngang Hótel 1919 í Hafnarstræti. Er hann hafi komið að hafi verið greinilegt að átökin hafi verið búin að vera í gangi í einhvern tíma og hafi þeim nánast verið lokið. Þegar hann hafi komið að hafi annar manna varla staðið í fæturna upp við húsvegg og verið við það að falla í gangstéttina. Greinilegt hafi verið að búin hafi verið að ganga í skrokk á honum. Annar karlmaður, ber að ofan, hafi staðið hjá og hafi sá rokið að þeim sem varla stóð og veitt honum spark sem komið hafi í andlit mannsins eða brjóstthæð. Við það hafi maðurinn fallið endanlega í gangstéttina aftur fyrir sig og verið meðvitundarlaus, en höfuð hans hafi sennilega skolið í jörðina. Er Sigurður gaf skýrslu hjá lögreglu 3. janúar 2011 greindi hann að auki frá því að eftir að karlmaðurinn hafi fallið hafi áráðarmaðurinn veitt manningum þrjú spörk til viðbótar þar sem maðurinn hafi legið í gangstéttinni. Spörkin hafi komið á andlit og bringu þess sem legið hafi í götunni. Við þetta hafi áráðarmaðurinn hlaupið í burtu ásamt öðrum mönnum. Hafi þeir hlaupið suður Pósthússtræti og austur Austurstræti í átt að verslun 10-11. Er undir Sigurð var borið um atriðin varðandi spörkin þar sem maðurinn lá í götunni kvaðst Sigurður hafa munað atvikið betur er hann hafi gefið skýrslu hjá lögreglu skömmu eftir atburðinn. Sigurður kvaðst ekki hafa þekkt mennina, hvorki áráðarmanninn eða þann sem fallið hafi í götuna. Áráðarmaðurinn hafi verið dökkhærður, með stutt hár og áberandi húðflúr á báðum handleggjum. Eftir árásina hafi konur af hótelinu komið að og reynt að aðstoða manninginn sem ráðist hafi verið á. Síðan hafi lögregla komið. Sigurður kvaðst hafa verið undir

áhrifum áfengis þessa nótt en engu að síður myndi hann atvik vel. Greinilegt hafi verið að árásarmaðurinn hafi kunnað fyrir sér í einhvers konar bardagalist, en sparkið og það hvernig árásarmaðurinn hafi borið sig að hafi borið þess merki. Einhver þeirra er hafi verið í för með ákærða hafi athugað með lífsmörk á brotþola eftir árásina. Sigurður kvaðst hafa staðið rétt hjá atburðinum og hafi þeir átt sér stað í um 10 metra fjarlægð frá honum.

Gréta Morthens kvaðst ekki hafa drukkið áfengi þessa nótt þar sem hún hafi verið að vinna á veitingastaðnum Austur um nóttina. Seint um nóttina hafi hún séð mann inni á veitingastaðnum Austur og hafi hann rífið sig þar úr að ofan. Hafi Gréta haft það hlutverk með höndum að afgreiða ákveðin borð. Hafi maðurinn komið upp að henni og spurt hana af hverju hún væri að horfa hann eins og hann væri dópisti. Hafi hún séð að maðurinn hafi greinilega verið undir áhrifum fíkniefna. Hafi maðurinn m.a. rífið í hana og áreitt hana. Hafi hún greint dyravörðum staðarins frá þessu og þeir sennilega vísað manningnum út af staðnum. Um morguninn hafi hún verið á leið af vaktinni og farið um Hafnarstræti í Reykjavík. Hafi hún verið farþegi í bifreið. Hafi hún setið í framsæti bifreiðarinnar en bifreiðinni hafi Anita Ruth Helgadóttir samstarfskona hennar ekið. Í Hafnarstrætinu hafi hún séð tvo menn bera að ofan og hafi annar þeirra verið sá er angrað hafi hana inni á Austur fyrir um nóttina. Sá hafi sparkað mjög föstu sparki á milli brjósts og maga í hinn með þeim afleiðingum að sá sem fyrir sparkinu varð hafi kastast niður tvær tröppur fyrir utan Hótel 1919. Hafi hann fallið beint í gangstéttina. Þar hafi hann legið að því er virtist án meðvitundar. Hafi Gréta þá hringt í Neyðarlínuna sem gefið hafi henni samband við lögreglu. Hafi hún tilkynnt um árásina og að maður lægi meðvitundarlaus í götunni. Á meðan hún hafi verið að hringja hafi félagar árásarmannsins verið að reyna að róa hann niður. Árásarmaðurinn hafi hins vegar verið í einhvers konar bræði eða neysluástandi hoppandi um. Í kjölfarið hafi hann sparkað tveim spörkum í þann sem hafi legið meðvitundarlaus og hafi Gréta hugsað mér sér að hann ætlaði að drepa manninn. Eftir þessi tvö spörk hafi árásarmaðurinn traðkað ofan á brotþolanum í þann mund sem félagar mannsins hafi dregið árásarmanninn burt. Hafi traðkið verið meira eins og á hlið á andliti þess sem legið hafi í jörðinni. Síðan hafi einhver félagi árásarmannsins komið að og athugað með lífsmörk á þeim er legið hafi í jörðinni. Síðan hafi allur hópurinn farið burt. Árásarmaðurinn og félagar hans hafi verið nokkrir saman, ef til vill einir sjö. Er atburðirnir hafi átt sér stað hafi Gréta verið í bifreiðinni og í um 6 til 7 metra fjarlægð frá átökunum. Ekki hafi hún þekkt árásarmanninn, féлага hans eða þann sem fyrir árásinni varð. Árásarmaðurinn hafi verið í fjólublárum bol er hann hafi farið af staðnum. Hafi verið eins og árásarmaðurinn hefði æft bardagaíþróttir en spark það sem hann hafi veitt brotþola hafi komið út frá hlið.

Anita Rut Helgadóttir kvaðst hafa verið við vinnu á veitingastaðnum Austur aðfaranótt nýársdags. Er hún hafi hætt vinnu hafi hún og samstarfskona hennar, Gréta Morthens, farið saman úr vinnunni og ekið áleiðis heim. Hafi leið þeirra legið um Hafnarstræti og Anita ekið bifreið sem þær hafi verið á. Við Hótel 1919 hafi hún séð tvo menn í slagsmálum og báðir verið berir að ofan. Er hún hafi séð þetta hafi hún stöðvað bifreiðina. Hafi annar mannanna fyrir um nóttina verið á veitingastaðnum Austur og greinilegt að sá mannanna hafi verið öflugari og með yfirhöndina. Sá sem hún hafi séð á veitingastaðnum hafi tekið nokkurs konar karatestökk og sparkað fast út frá sér. Hafi sparkið lent í árásarþolanum og leitt til þess að árásarþolinn hafi fallið aftur fyrir sig og legið í jörðinni fyrir neðan tröppur

upp að hótelinu. Ekki hafi hún séð hvort höfuð hans hafi lent í jörðinni. Í framhaldi hafi áráarmaðurinn farið að manningnum og byrjað að kýla þann sem legið hafi hnefahögg og þau komið í andlit árárþolans. Félagar árárþolans hafi tekið hann en honum samt tekist að komast aftur að manningnum og að því er henni hafi virst trampa á honum. Hafi hún ekki séð nákvæmlega hvar trampað hafi lent í manningnum en það hafi verið á efri hluta líkama. Hafi hún haft það á tilfinningunni að trampað hafi lent á enni mannsins því í þann mund hafi allt hætt og fólk hörfað frá. Í framhaldinu hafi áráarmaðurinn yfirgefið vettvanginn ásamt félögum sínum. Hafi áráarmaðurinn verið í fjólubláum bol er hún hafi séð hann fyrr um nóttina. Er þessir atburðir hafi átt sér stað hafi Anita verið rétt hjá og í ekki meira en 5 metra fjarlægð frá atlögunni. Anita og Gréta hafi ekið einn hring og hringt á lögreglu. Anita kvaðst ekki hafa drukkið áfengi þessa nótt. Hafi hún hvorki þekkt árárþolann né árárþolann. Er undir Anitu var borið að í lögregluskýrslu hafi hún tjáð lögreglu að hún hafi ekki séð hvar sparkið hafi lent í árárþolanum kvaðst hún hafa tjáð lögreglumönnum að hún hafi séð það. Ekki hafi verið rétt fært eftir sig í lögregluskýrsluna. Anita kvaðst muna þessi atvik vel.

Katarzyna Agnieszka Bys kvaðst hafa verið inni í anddyri Hótel 1919 en hún hafi verið að bíða eftir leigubifreið. Hafi hún unnið á hótelinu. Hafi hún séð út um glugga hótelsins að tveir drengir voru í slagsmálum. Báðir hafi verið berir að ofan. Hafi verið greinilegt að annar manna kunnir að slást. Ekki hafi hún séð hvernig átökin byrjuðu eða hvernig þau hafi endað. Það sem hún hafi séð hafi verið er annar manna hafi sparkað hátt út frá sér eins og um væri að ræða „kickbox“ spark. Eftir sparkið hafi hann litið niður á jörðina og gengið í hring. Henni hafi þótt óþægilegt að horfa á atlöguna og því sumpart litið undan. Þar sem hún hafi horft á atlöguna út um glugga hótelsins hafi hún ekki getað séð til jarðar fyrir utan þar sem glugginn hafi ekki verið með það sjónsvið. Hún hafi síðan séð að annar manna hafi legið í jörðinni og hafi virst missa meðvitund en hann hafi engin viðbrögð sýnt. Tveir menn hafi haldið höfði hans.

Vitnin Óskar Hjartarson, Daníel Heiðar Hallgrímsson og Guðmundur Kristján Guðmundsson voru með ákærða í för þessa nótt. Nokkurt ósamræmi er í skýrslum þessara vitna hjá lögreglu og fyrir dómi og verður því gerð grein fyrir framburðum þessara vitna á báðum stöðum. Óskar Hjartarson gaf skýrslu hjá lögreglu 5. janúar 2011. Kvaðst Óskar hafa verið með ákærða í för þessa nótt, en með þeim hafi einnig verið Guðmundur bróðir ákærða, Daníel Heiðar og Stefán Atli Jónsson. Ákærði hafi gefið sig á tal við mann og innt hann eftir bróður mannsins. Um leið hafi þessi maður byrjað með ofbeldi. Ákærði hafi ekki ögrað manningnum. Hafi ákærði ætlað að taka í höndina á manningnum en þá hafi maðurinn rífið sig úr að ofan. Hafi hann ýtt við ákærða. Ákærði hafi þá farið úr að ofan en þetta hafi endað með því að maðurinn hafi dottið í götuna. Ekki kvaðst Óskar vita hvar maðurinn hafi verið staðsettur er hann hafi dottið. Gæti hann því ekki borið um hvort hann hafi dottið í tröppum upp að Hótel 1919. Hann hafi einungis séð ákærða verja sig og hafi hann því ýtt á móti er maðurinn hafi ýtt ákærða. Er maðurinn hafi dottið hafi hann rotast. Klukkan hafi verið orðin margt og Óskar verið búinn að drekka þvílíkt og verið orðinn „geðveikur á því“ þar sem hann hafi verið það ölvaður. Eftir að maðurinn féll í götuna hafi ákærði og drengirnir gengið í burtu. Við aðalmeðferð málsins greindi Óskar frá því að umrætt sinn hafi Óskar og félagar hans verið á gangi í miðbænum. Brotþoli hafi verið í miðbænum, en atvikið hafi átt sér stað í anddyri Hótel 1919 í Hafnarstræti. Hafi ákærði ætlað að heilsa upp á hann og inna hann eftir bróður brotþola. Brotþoli hafi strax orðið

æstur og ýtt ákærða fram og til baka. Ákærði hafi einungis varið sig en einu sinni sparkað hátt út frá sér en sparkið ekki lent í brotapolanum. Í framhaldi þessa hafi brotali dottið aftur fyrir sig og lent með hnakka í vegg hótelsins. Hann hafi staðið upp í kjölfarið og haldið áfram að ýta við ákærða. Hafi hann stigið fram af þrepum við inngang hótelsins og fallið aftur fyrir sig í jörðina. Hafi hnakki hans skolið í jörðina. Ákærði og félagar hans hafi gengið á brott í framhaldinu. Óskar kvaðst hafa séð þessi atvik greinilega þar sem hann hafi staðið nærri atvikinu. Kvaðst Óskar vera vinur ákærða. Hafi hann verið undir áhrifum áfengis og verið svolítið ölvaður. Myndi hann atvik þokkalega. Þennan morgun hafi verið rigning og sennilega blautt á tröppunum. Óskar kvaðst ekki hafa séð ákærða sparka í höfuð eða líkama brotapolans. Óskar kvað lögreglumann þann er tekið hafi skýrslu af honum á rannsóknarstigi hafa verið leiðinlegan og Óskar ekki nennt að tala við hann. Væri það ástæða þess að framburður hans væri ekki á sama veg hjá lögreglu og fyrir dómi.

Daníel Heiðar Hallgrímsson gaf skýrslu hjá lögreglu 5. janúar 2011. Kvaðst hann lítið muna eftir umræddu kvöldi. Hafi Daníel, ákærði, Óskar, Guðmundur og Stefán verið á gangi í miðbænum. Þá hafi ákærði séð dreng er hann hafi ætlað að heilsa upp á. Einhverjar ryskingar hafi farið á stað á milli þeirra. Ekki myndi Daníel almennilega hvað hafi komið fyrir en drengurinn hafi síðan dottið í gangstéttina. Daníel hafi verið mjög ölvaður þessa nótt eftir mikla drykkju. Myndi hann lítið eftir að hann kom í miðbæinn. Ekki hafi hann séð hvernig drengurinn hafi dottið. Þá hafi hann ekki séð það atvik er drengurinn hafi dottið á höfuðið. Eftir þetta hafi þeir gengið á brott. Ákærði og Daníel væru gamlir vinir úr Mosfellsbænum. Fyrir dómi greindi Daníel frá því að umrædda nótt hafi hann og félagar hans verið á leið um Hafnarstræti og gengið fram hjá Hótel 1919. Hafi ákærði tekið einhvern mann tali. Sá hafi klætt sig úr að ofan og ryskingar byrjað á milli þeirra. Maðurinn hafi endað upp að vegg og í kjölfarið fallið í stéttina. Síðan hafi hann dottið niður tröppur við hótelið. Hafi hann fallið til hliðar og höfuðið skolið í jörðina. Daníel hafi staðið nærri þessum átökum. Eftir það hafi ákærði, Daníel og aðrir drengir með í för farið af staðnum. Ekki kvaðst Daníel hafa séð hvað hafi orsakað það að maðurinn hafi endað í veggnum. Hafi það sennilega komið til vegna þess að ákærði hafi ýtt honum frá sér. Daníel kvaðst engin spörk hafa séð eða ákærða slá manninn. Daníel kvaðst hafa verið mjög ölvaður þessa nótt en það breytti ekki því að hann myndi atvik. Daníel kvaðst hafa rifjað atvikið upp nýlega. Væri það ástæða þess að hann myndi atvik betur nú en er hann hafi gefið skýrslu hjá lögreglu. Hafi hann m.a. rætt atvikið við Óskar Hjartarson.

Guðmundur Kristján Guðmundsson gaf skýrslu hjá lögreglu 6. janúar 2011. Kvaðst hann hafa verið að koma frá skemmtistaðnum Austur. Hann og félagar hans hafi gengið fram hjá Hótel 1919 í Hafnarstræti. Við hótelið hafi ákærði farið að ræða við mann, sem ákærði hafi virst ætla að heilsa upp á. Hafi Guðmundur ekki velt því sérstaklega fyrir sér. Skyndilega hafi þeir farið að rífast og er Guðmundur hafi litið við hafi maðurinn verið farinn úr að ofan. Hafi hann ýtt ákærða niður tröppur við hótelið. Ekki hafi ákærði aðhafst neitt. Er maðurinn hafi hrint ákærða niður tröppurnar hafi hann greinilega ætlað að fylgja á eftir en hafi endað á því að detta í efstu tröppunni. Hafi hann við það fallið niður tröppurnar. Hafi hann fallið eins og liðið hafi yfir hann. Hafi hann fallið beint í jörðina og virst vankaður. Ekki hafi hann t.a.m. borið fyrir sig hendur við fallið. Greinilegt hafi verið að maðurinn hafi verið undir áhrifum áfengis. Ekki hafi Guðmundur séð hvort hann hafi fallið á höfuðið. Einu átökin milli mannsins og ákærða hafi verið þessar ýtingar. Eftir þetta

hafi félagar ákærða róað ákærða niður og þeir allir haldið á brott. Við aðalmeðferð málsins greindi Guðmundur frá því að í Hafnarstræti hafi ákærði gengið að manni. Þeir hafi rætt saman við anddyri Hótel 1919 en maðurinn síðan ýtt við ákærða. Ákærði hafi þá bakkað niður tröppur við hótelið en brotþoli dottið niður tröppurnar. Ákærði hafi þá orðið æstur en Guðmundur dregið hann í burtu frá manningum. Ákærði hafi ekki ýtt við manningum. Ákærði hafi sparkað í átt til hans en sparkið ekki hitt manninn. Atvikið hafi Guðmundur séð. Kvaðst Guðmundur telja að ástæða þess að maðurinn hafi fallið í tröppunum hafi verið áfengisástand mannsins. Hafi fallið verið í líkingu við það að maðurinn hafi misst jafnvægið. Hafi Guðmundur virst sem maðurinn félli meðfram vegg. Gæti hann þó ekki staðfest það. Ekki hafi Guðmundur séð ákærða slá eða sparka í þennan mann.

Stefán Atli Jónsson kvaðst umrædda nótt hafa verið í för með ákærða og nokkrum öðrum drengjum. Þá hafi Stefán hitt á skemmtistaðnum Óliver. Þeir hafi farið niður Laugaveg. Í miðbænum hafi þeir séð mann í anddyri Hótel 1919. Til orðaskipta hafi komið á milli ákærða og þessa manns. Kvaðst Stefán muna að maðurinn hafi rífið sig úr að ofan. Kvaðst Stefán hafa farið að horfa í kringum sig en það næsta sem hann hafi séð hafi verið að maðurinn lá í jörðinni. Ekki viti hann ástæðu þess þar sem hann hafi ekki séð hvað leitt hafi til þess. Kvaðst Stefán hafa gengið að manningum til að athuga með lífsmörk, en hann hafi athugað bæði púls og andardrátt mannsins. Einhver á staðnum hafi hringt á sjúkrabíl. Er það hafi legið fyrir hafi Stefán yfirgefið staðinn. Stefán kvaðst hafa drukkið áfengi þessa nótt. Tengsl hans við ákærða væru þau að þeir væru báðir úr sama bæjarfélagi. Að öðru leyti þekkti hann ákærða lítið. Sama hafi átt við um kunningja ákærða.

Fyrir dóminn komu lögreglumennirnir Ríkhartur Örn Steingrímsson, Sævar Þór Sigmarsson og Hinrik Geir Jónsson, en lögreglumennirnir sinntu útkalli í Hafnarstræti þessa nótt. Ríkhartur Örn kvað lögreglu hafa fengið tilkynningu um slagsmál í Hafnarstræti og að maður væri liggjandi eftir. Lögreglumenn hafi þegar farið á staðinn og séð mann liggjandi á gangstéttinni. Hafi Ríkhartur strax séð að málið væri alvarlegt miðað við ástand mannsins, en hann hafi ekki svarað áreiti. Markmið lögreglumanna hafi verið að tryggja ástand mannsins sem legið hafi í jörðinni með því að sjá til þess að hann gæti andað á meðan beðið væri eftir sjúkrabifreið. Þeir lögreglumenn sem hafi verið með Ríkharði í för hafi sinnt manningum sem fallið hafi í jörðina. Á meðan hafi Ríkhartur rætt við vitni sem hafi gefið sig fram á staðnum. Hafi Ríkhartur fært í frumskýrslu þau atriði er fram hafi komið hjá umræddum vitnum. Þessa nótt hafi verið ágætisveður en kalt. Ekki hafi verið hálka á gangstéttinni en verið gæti að hún hafi verið blaut. Hafi Ríkhartur gengið talsvert um svæðið vegna rannsóknar málsins og því gæti hann staðfest þetta. Sævar Þór kvaðst hafa sinnt manningum sem legið hafi á jörðinni. Er lögregla hafi komið á staðinn hafi einhver verið búinn að setja yfirhöfn yfir manninn. Hafi Sævar lagst við höfuð mannsins og haldið um það til að tryggja öndun. Sýnilegir áverkar á höfði hafi verið kúla á enni. Kalt hafi verið í veðri, en hitastig hafi sennilega verið um frostmark. Ekki hafi verið hálka en smávægileg bleyta. Hinrik Geir kvaðst ásamt Sævari hafa hlúð að brotþolanum. Hafi Sævar haldið höfði hans þar til sjúkrabíli hafi komið á staðinn. Kalt hafi verið þennan morgun og hitastig undir frostmarki. Engin hálka hafi verið á götum.

Aron Björnsson læknir staðfesti læknisvottorð er hann ritaði vegna málsins. Kvaðst hann hafa séð brotþola strax þennan morgun og hafi hann verið kaldur, rænulítill og með áverka á höfði. Hafi verið tekin tölvusneiðmynd af höfði hans

sem sýnt hafi blæðingu, mar á heila og brot í höfuðkúpu. Áverkarnir hafi verið slíkir að þeir hafi getað leitt til alvarlegra meina og dauða. Út frá skoðun á brotaþola væri erfitt að segja til um hvernig áverkarnir hafi komið til. Gætu þeir hafa komið til vegna höggs á höfuð, kýlinga eða falls á höfuðið. Erfitt væri að átta sig á endanlegum bata brotaþola. Eftir að hann myndi losna af Grensás tæki við eftirmeðferð og eftirlit. Batahorfur væru nokkuð góðar þó þannig að mar væri skemmd á heilavef. Það gæti haft áhrif og leitt til persónuleikabreytinga og slakara minnis. Ef heilafrumur dæju yrði heilastarfsemin slakari til framtíðar lítið. Marið hafi verið nálægt talstöðvum og gæti því haft áhrif á tal. Brotaþoli hafi fengið högg á gagnauga en það hafi leitt til þess að heilinn hafi kastast til og mar komið á gagnstæða hlið heilans.

Niðurstaða:

Ákærða er gefið að sök líkamsárás með því að hafa að morgni nýársdags 1. janúar 2011 utandyra við Hótel 1919 í Hafnarstræti veist að Ólafi Ragnari Benediktssyni með ofbeldi með því m.a. að hafa sparkað í hann, svo hann féll í gangstéttina og síðan sparkað ítrekað í höfuð hans og líkama þar sem hann lá. Samkvæmt ákæru urðu afleiðingar árársarinnar þær að Ólafur hlaut lífshættulega höfuðáverka.

Auk framburðar ákærða sjálfs liggur fyrir í málinu framburður fjölmargra vitna sem voru á vettvangi. Fyrir liggur framburður þriggja einstaklinga, sem öll urðu vitni að atburðinum, en tengjast hvorki ákærða né brotaþola. Gáfu þau sig öll fram á vettvangi er lögregla var komin á staðinn. Er um að ræða vitnin Grétu Morthens, Anitu Ruth Helgadóttur og Sigurð Pál Pálsson. Fram er komið að Gréta og Anita höfðu ekki drukkið áfengi þessa nótt, en þær höfðu báðar verið að vinna á skemmtistaðnum Austur um nóttina þar sem ákærði hafði verið gestur. Sigurður Páll ber að hann hafi drukkið áfengi þessa nótt en myndi atvik þó vel. Fellur framburður Sigurðar að framburði Grétu og Anitu. Er framburður þeirra afdráttarlaus um atvik öll. Þau þrjú lýsa atvikum þannig að ákærði hafi sparkað í Ólaf Ragnar sem við það hafi fallið aftur fyrir sig og niður tröppur framan við hótelið. Eftir fallið hafi Ólafur legið eftir og ekki hreyft sig. Ákærði hafi gengið rակleitt að Ólafi og sparkað ítrekað í höfuð hans eða trampað á því. Framburður þessara þriggja vitna hefur verið trúverðugur. Hefur Anita lýst því að hún hafi tjáð lögreglu að hún hafi séð er sparkið hafi lent í Ólafi þó svo það hafi ekki verið fært í lögregluskýrsluna.

Framburður ákærða um atvik hefur verið á annan veg. Þá hafa þrjú vitni stutt framburð ákærða. Umrædd vitni voru samferða ákærða þessa nótt og eru vinir hans. Er eitt þeirra bróðir ákærða. Framburður allra þessara vitna er þeim annmarka gæddur að töluvert misræmi er á milli framburðar þeirra hjá lögreglu og fyrir dómnum. Gátu þau lítið borið um atvik er lögregla tók skýrslu af þeim í framhaldi af atburðinum. Við aðalmeðferð málsins um 6 vikum eftir atvikið var minni þeirra orðið töluvert betra um atvikin. Er skýring þeirra á breyttum framburði að mati dómsins ekki trúverðug.

Með vísan til trúverðugs framburðar vitnanna Grétu Morthens, Anitu Ruthar Helgadóttur og Sigurðar Páls Pálssonar telur dómurinn sannað að ákærði hafi

umrætt sinn veist með ofbeldi að Ólafi Ragnari með því að hafa sparkað í hann svo hann féll í gangstéttina og síðan sparkað í höfuð hans þar sem hann lá. Við atlöguna hlaut Ólafur lífshættulegan höfuðáverka, svo sem fram kemur í framlögðu læknisvottorði í málinu og rakið er í ákæru. Var líkamsárásin samkvæmt þessu stórfelld. Verður ákærði því sakfelldur samkvæmt ákæru og er háttsemin réttilega heimfærð til refsíákvæða í ákærinni.

Ákærði er fæddur í maí 1986. Hann var dæmdur í 3ja mánaða skilorðsbundið fangelsi á árinu 2005. Á árunum 2007 og 2008 var hann þrívegis dæmdur í sekt vegna umferðarlagabrota. Hann var dæmdur í 6 mánaða skilorðsbundið fangelsi 25. mars 2009 fyrir nytjastuld, brot á umferðarlögum og lögum um ávana- og fíkniefni. Loks var ákærði 26. nóvember 2010 dæmdur í 2ja ára og 6 mánaða fangelsi fyrir rán, frelsissviptingu, brot gegn 2. mgr. 218. gr. laga nr. 19/1940 og lögum um ávana og fíkniefni. Var skilorðshluti refsíðomsins frá 25. mars 2009 dæmdur upp. Samkvæmt 1. mgr. 218. gr. b laga nr. 19/1940 má hækka refsingu allt að helmingi hafi sá, sem dæmdur er sekur um brot á 217., 218. eða 218. gr. a laga nr. 19/1940 áður sætt refsingu samkvæmt þeim greinum eða honum hefur verið refsað fyrir brot, sem tengt er að öðru leyti við vísitandi ofbeldi. Ítrekunarákvæði þetta á við í þessu máli. Brot ákærða í þessu máli var sérlega alvarlegt en brotþoli hlaut lífshættulega áverka af völdum ákærða. Var brotið framið skömmu eftir að ákærði hlaut þungan refsíðóm, m.a. fyrir alvarleg ofbeldisbrot. Með hliðsjón af þessu, sbr. og 1., 3. og 6. tl. 1. mgr. 70. gr. laga nr. 19/1940 er refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 3 ár og sex mánuði. Til frádráttar refsingu kemur óslitið gæsluvarðhald ákærða frá 3. janúar 2011.

Af hálfu Ólafs Ragnars Benediktssonar hefur verið krafist skaðabóta úr hendi ákærða að fjárhæð 2.000.000 krónur, en skaðabótakrafan var lækkuð undir málflutningi í ljósi þess að lögfræðikostnaður verður felldur undir þóknun réttargæslumanns. Í skaðabótakröfu kemur fram að um sé að ræða kröfu um miskabætur á grundvelli 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Er vísað til þess að árás ákærða á brotþola hafi verið lífshættuleg. Líklegt sé að brotþoli verði fyrir varanlegum skaða vegna árásarinnar. Ákærði hefur verið sakfelldur fyrir stórfellda líkamsárás. Með ólögmætri og saknæmri háttsemi sinni hefur hann valdið brotþola alvarlegu líkamstjóni. Á hann rétt á miskabótum vegna háttsemi ákærða. Með hliðsjón af atlögunni, afleiðingum árásarinnar og dómvenju á þessu réttarsviði þykja miskabæturnar hæfilega ákveðnar 1.000.000 krónur. Um vexti fer svo sem í dómsorði greinir.

Ákærði greiði sakarkostnað samkvæmt sakarkostnaðaryfirliti, málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns og þóknun réttargæslumanns brotþola, að teknu tilliti til virðisaukaskatts, eins og nánar greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Andri Vilhelm Guðmundsson, sæti fangelsi í 3 ár og sex mánuði. Til frádráttar refsingu kemur óslitið gæsluvarðhald ákærða frá 3. janúar 2011.

Ákærði greiði Ólafi Ragnari Benediktssyni skaðbætur að fjárhæð 1.000.000 krónur, ásamt vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og

verðtryggingu frá 1. janúar 2011 til 27. febrúar 2011 en með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laganna frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði 750.048 krónur í sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Vilhjálms Hans Vilhjálmssonar hæstaréttarlögmans, 502.000 krónur og þóknun réttargæslumans brotaþola Evu Hrannar Jónsdóttur héraðsdómslögmanns, 215.233 krónur.

Simon Sigvaldason.